

HAFNARFJÖRÐUR, 2021

FORNLEIFASKRÁ HAFNARFJARÐAR VIII

ÁSLAND



Mynd á forsiðu er yfirlitsmynd af Áslandinu. Bæjarstæði Áss er rétt ofan við gáminn sem sést til hægri á myndinni og bæjarstæði Stekks sést á grasivöxnu svæði til vinstri við íbúabyggð.

©2021

Byggðasafn Hafnarfjarðar
Strandgata 4
220 Hafnarfjörður

Sími: 585 5780

Netfang: museum@hafnarfjordur.is

Heimasíða: www.byggdasafnid.is


Efnisyfirlit

Inngangur	1
Fornleifaskráning	2
Fornleifar.....	5
Ás	9
Stekkur	15
Heimildaskrá	17
Myndaskrá.....	19
Töfluskrá	19

Inngangur

Árið 2020 var sú ákvörðun tekin að Bygðasafn Hafnarfjarðar myndi hefja vinnu við að endurskrá allt sveitarfélagið vegna aðalskipulags¹ en margar af þeim skráningum sem lágu fyrir voru orðnar úreltar og þurfti að uppfæra þær að stöðlum Minjastofnunar Íslands. Það er hlutverk Bygðasafns Hafnarfjarðar að sjá um skráningu allra minja í sveitarfélaginu.

Ákveðið var að skipta sveitarfélaginu upp í 11 svæði og fjallar þessi skýrsla um svæði 8. Einnig var ákveðið að safna þeim skráningum sem fyrir lágu og voru eftir stöðlum Minjastofnunar saman og hafa þær aðgengilegar á einum stað í stað þess að vera í fjölmörgum skýrslum eins og var áður.



Mynd 1 - Loftmynd af skráningarsvæðinu. Svæðið er innan hvítu punktalínunnar

Umrætt skráningarsvæði afmarkast af Reykjanesbraut í norðri, Kaldárselsvegi í austri, Hvaleyrarvatnsvegi í suðri og Krýsuvíkurvegi í vestri.

Hluti svæðisins hafði verið skráður áður en aldrei sem ein heild.²

Fornleifaskráningin fól í sér athugun á heimildum, loftmyndum og fyrri skráningarskýrslum, vettvangsskráningu og úrvinnslu. Farið var eftir stöðlum Minjastofnunar Íslands³ sem gaf verkefninu númerið 2658. Ein fornleif var skráð á svæðinu eftir stöðlum Minjastofnunar árið 2019 af Heiðrúnu Evu Konráðsdóttur og var hún skráð undir númerinu 2061.⁴ Á vettvang fyrir þetta verk fór fornleifafræðingurinn Atli Rúnarsson og sá hann einnig um skýrslugerð. Ljósmyndir voru teknar af höfundum nema annað sé tekið fram og það sama á um kortagerð.

¹ Sjá Yngvi Þór Loftsson, 2006

² Sjá skýrslur: Heiðrún Eva Konráðsdóttir, 2019 (tvær skýrslur), Atli Rúnarsson, 2018, Heiðrún Eva Konráðsdóttir, 2017, Bjarni F. Einarsson, 2014, Katrín Gunnarsdóttir, 2011, Katrín Gunnarsdóttir 2005, Karl Rúnar Þórsson & Bjarni F. Einarsson, 2004, Oddgeir Hansson, 2001, Hildur Gestsdóttir & Sædis Gunnarsdóttir, 1998.

³ Minjastofnun Íslands, 2013

⁴ Heiðrún Eva Konráðsdóttir, 2019

Fornleifaskráning

Samkvæmt menningarminjalögum njóta allar fornleifar friðunar og verndunar en í 3. grein laganna segir: „Fornminjar samkvæmt lögum þessum eru annarsvegar forngripir og hins vegar fornleifar. Forngripir eru lausamunir 100 ára og eldri sem menn hafa notað eða mannaverk eru á og fundist hafa í eða á jörðu eða jökli, í vatni eða sjó. Skip og bátar frá því fyrir 1950 teljast til forngripa. Til forngripa teljast einnig leifar af líkómum manna og hræjum dýra sem finnast í fornleifum, svo sem fornum haugum, dysjum og leiðum.

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. Búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skanskar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.“

Einnig njóta fornminjar friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.⁵

Í 16. grein laganna er víkið að skráningu vegna skipulags og undirbúnings framkvæmda: „Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða

⁵ Lög um menningarminjar, 2012, 3.gr.

deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi. Minjastofnun Íslands setur reglur um lágmarkskröfur sem gera skal til skráningar fyrir hvert skipulagsstig og er heimilt að gera samkomulag við skipulagsyfirvöld um framvindu skráningarstarfsins enda sé tryggt að því verði lokið innan hæfilegs tíma.

Sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög skal standa straum af kostnaði við skráninguna. Ríkissjóður skal þó bera kostnað af fornleifaskráningu sem fer innan þjóðlendu nema um annað hafi verið samið. Skulu skipulagsyfirvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrárm með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda án undanfarandi fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskráningar. Þegar sérstaklega stendur á getur Minjastofnun Íslands veitt undanþágu fyrir framkvæmdum með tilteknum skilyrðum.

Skipulagsyfirvöld skulu tilkynna Minjastofnun Íslands um gerð skipulagsáætlana og verulegar breytingar á þeim og um gerð skýrslna um mat á umhverfisáhrifum.

Skylt er að heimila þá för um landareign sem nauðsynleg getur talist við framkvæmd skráningar sem gerð er fyrir opinbera aðila. Ber að sýna landeiganda tillitssemi og valda ekki raski eða ónæði að þarflausu.“⁶

Jafnframt segir í 21. grein laganna: „Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Eigendur og ábúendur jarða skulu hlúa að fornleifum á landareignum sínum og viðhalda umhverfi þeirra eftir því sem sanngjarnt getur talist. Minjastofnun Íslands er skylt að veita ráðgjöf og leiðbeiningar í því sambandi. Minjastofnun Íslands gerir nauðsynlegar ráðstafanir til verndar fornleifum, viðhalds eða endurbóta, en áður skal gera landeiganda eða ábúanda viðvart um þær. Ef nauðsyn krefur lætur Minjastofnun Íslands rannsaka fornleifar með uppgreftri eða á annan hátt.

⁶ Lög um menningarminjar, 2012, 16.gr.

Friðlýstum fornleifum skal viðhaldið á kostnað ríkisins. Minjastofnun Íslands ber ábyrgð á friðlýstum fornleifum og semur verk- og fjárhagsáætlun um viðhald þeirra.“⁷

Friðlýstum fornleifum fylgir 100 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra og umhverfis nema kveðið sé á um annað. Umhverfis friðaðar fornleifar er 15 metra friðhelgi nema annað sé ákveðið.⁸



Mynd 2 - Skotbyrgi (2658-39).

⁷ Lög um menningarminjar, 2012, 21. gr.

⁸ Lög um menningarminjar, 2012, 22. gr.

Fornleifar

Alls voru 72 minjar skráðar á vettvangi, þar af 71 undir númerinu 2658 og 1 undir númerinu 2061. Afrakstur fornleifaskráningarinnar má sjá í töflunni hér að neðan auk meðfylgjandi fornleifaskrá og á loftmyndum sem sýna staðsetningu minjanna.

NR.	SÉRHEITI	TEGUND	HLUTVERK	ALDUR	ÁSTAND	HÆTTUMAT	HÆTTUORSÖK
2658-1		tóft	fjárhús	1830-1950	vel greinanleg	engin hætta	
2658-2		tóft	útihús	1830-1950	greinanleg	hætta	uppblásturs/áfoks
2658-3	Stekkur	hóll	bæjarhóll	1830-1900	illgreinanleg	hætta	annað
2658-4		heimild	útihús	1830-1950	sést ekki	hætta	annað
2658-5		tóft	fjárhús + hlaða	1830-1950	vel greinanleg	engin hætta	
2658-6		garðlag	túngarður	1830-1950	vel greinanleg	engin hætta	
2658-7		garðlag	túngarður	1830-1950	vel greinanleg	hætta	rask
2658-8		jarðræktarsvæði	matjurtagarður	1830-1950	vel greinanleg	engin hætta	
2658-9		tóft	kartöflukofi	1830-1950	illgreinanleg	engin hætta	
2658-10		garðlag	túngarður	1830-1950	greinanleg	engin hætta	
2658-11		grjóthrúga	túnahreinsun	1830-1950	heillegar	engin hætta	
2658-12		grjóthrúga	túnahreinsun	1830-1950	heillegar	engin hætta	
2658-13	Ás	hóll	bæjarhóll	1550-1950	greinanleg	mikil hætta	skógrækt
2658-14	Ás	steinsteypa	híbýli	1904-1950	greinanleg	mikil hætta	skógrækt
2658-15		hús	fjós	1904-1950	heillegar	mikil hætta	skógrækt
2658-16	Áslindin	náttúruminjar	vatnsból	1550-1900	heillegar	engin hætta	
2658-17	Vesturtúngarður	garðlag	túngarður	1550-1900	vel greinanleg	hætta	skógrækt
2658-18		jarðræktarsvæði	matjurtagarður + kartöflukofi	1900-1950	vel greinanleg	engin hætta	
2658-19		tóft	kartöflukofi	1900-1950	greinanleg	engin hætta	
2658-20		húsgrunnur	sumarbústaður	1900-1950	vel greinanleg	hætta	skógrækt
2658-21		tóft	kartöflukofi	1900-1950	vel greinanleg	engin hætta	
2658-22		garðlag	lóðamörk	1900-1950	vel greinanleg	engin hætta	
2658-23		garðlag	lóðamörk	1900-1950	vel greinanleg	engin hætta	
2658-24		tóft	útihús	1550-1900	illgreinanleg	engin hætta	
2658-25	Ásbrunnur	niðurgröftur-hleðsla	brunnur	1550-1900	vel greinanleg	engin hætta	
2658-26		húsgrunnur	sumarbústaður	1900-1950	vel greinanleg	hætta	skógrækt
2658-27		húsgrunnur	sumarbústaður	1900-1950	vel greinanleg	engin hætta	
2658-28		garðlag	túngarður	1900-1950	illgreinanleg	engin hætta	
2658-29		hleðsla	brunnur / þvottur	1550-1900	greinanleg	engin hætta	

2658-30		hleðsla	óþekkt	1550-1900	illgreinanleg	engin hætta	
2658-31		tóft	útihús	1550-1900	vel greinanleg	engin hætta	
2658-32		tóft	fjárhús	1550-1900	vel greinanleg	engin hætta	
2658-33	Hádegisskarð	náttúruminjar	eyktamark / samgönguleið	1550-1900	heillegar	engin hætta	
2658-34		varða	óþekkt	1900-1950	vel greinanleg	engin hætta	
2658-35		tóft	fjárhús	1550-1900	vel greinanleg	mikil hætta	framkvæmda
2658-36		hleðsla	skotbyrgi	1940-1945	vel greinanleg	engin hætta	
2658-37		hleðsla	skotbyrgi	1940-1945	vel greinanleg	engin hætta	
2658-38		hleðsla	fjárborg	1550-1900	illgreinanleg	engin hætta	
2658-39		hleðsla	skotbyrgi	1940-1945	vel greinanleg	engin hætta	
2658-40		hleðsla	skotbyrgi	1940-1945	vel greinanleg	hætta	rask
2658-41		heimild / varða	landamerki	1550-1900	sést ekki	hætta	rask
2658-42		hleðsla	skotbyrgi	1940-1945	vel greinanleg	engin hætta	
2658-43		hleðsla	skotbyrgi	1940-1945	vel greinanleg	engin hætta	
2658-44		hleðsla	óþekkt	1940-1945	vel greinanleg	engin hætta	
2658-45		hleðsla	skotbyrgi	1940-1945	vel greinanleg	engin hætta	
2658-46		hleðsla	skotbyrgi	1940-1945	vel greinanleg	engin hætta	
2658-47		hleðsla	óþekkt	1550-1900	vel greinanleg	mikil hætta	vegagerð
2658-48		varða	kennimark	1550-1900	vel greinanleg	engin hætta	
2658-49		varða	kennimark	1550-1900	vel greinanleg	engin hætta	
2658-50		varða	kennimark	1550-1900	illgreinanleg	engin hætta	
2658-51		varða	kennimark	1550-1900	vel greinanleg	engin hætta	
2658-52	Markavarða	varða	landamerki	1550-1900	vel greinanleg	engin hætta	
2658-53		hús	kartöflukofi	1923-1940	heillegar	engin hætta	
2658-54		hleðsla	stekkur	1550-1900	vel greinanleg	engin hætta	
2658-55		garðlag	matjurtagarður	1923-1940	vel greinanleg	engin hætta	
2658-56	Borgin	hleðsla	fjárborg	1550-1900	illgreinanleg	engin hætta	
2658-57		grjóthrúga	óþekkt	1550-1900	vel greinanleg	engin hætta	
2658-58		tóft	kvíar / gæsakofi	1550-1900	vel greinanleg	hætta	rask
2658-59		tóft	stekkur / gæsakofi	1550-1900	vel greinanleg	engin hætta	
2658-60		hleðsla	rétt / fjárbyrgi	1550-1900	vel greinanleg	mikil hætta	byggingaframkvæmda
2658-61	Leynidalaskjól	hleðsla	fjárskýli	1550-1900	vel greinanleg	engin hætta	
2658-62	Leynidalaskjól	hleðsla	fjárskýli	1550-1900	vel greinanleg	engin hætta	
2658-63		varða	óþekkt	1550-1900	vel greinanleg	engin hætta	
2658-64		grjóthrúga	túnahreinsun / stakkastæði	1900-1950	heillegar	engin hætta	

2658-65		grjóthrúga	túnahreinsun / stakkastæði	1900-1950	heillegar	engin hætta
2658-66		grjóthrúga	túnahreinsun / stakkastæði	1900-1950	heillegar	engin hætta
2658-67		grjóthrúga	túnahreinsun / stakkastæði	1900-1950	heillegar	engin hætta
2658-68		grjóthrúga	túnahreinsun / stakkastæði	1900-1950	heillegar	engin hætta
2658-69	Hrauntungustígur	gata	leið	1550-1900	greinanleg	engin hætta
2658-70		fjargata	leið	1550-1900	illgreinanleg	hætta rask
2658-71	Móholt/Mómýri	niðurgroftur	mógrafir	1550-1900	sést ekki	engin hætta
2061-1		hleðsla	fjárskýli	1550-1900	illgreinanleg	hætta byggingaframkvæmda

Tafla 1 - Tafla yfir skráðar minjar á svæðinu

Flestar minjarnar á svæðinu tengjast búskapi á svæðinu á einn eða annan hátt, er þá helst að nefna bæjarstæði Áss og Stekks. Alls teljast níu minjar til herminja en í öllum tilvikum er um að ræða skotbyrgi (2658-36, 37, 39, 40, 42, 43, 45, 46). Eitthvað var um að minjar voru skemmdar á stríðsárunum, t.d. var upprunalega Ásfjallsvarðan rifin og grjót úr henni nýtt í skotbyrgi á Ásfjalli, það sama á við um fjárborg (2658-38) sem stóð á vestanverðu Ásfjalli.⁹ Mun minna er um minjar á austanverðu skráningarsvæðinu enda var það svæði, áður en lúpinan kom til sögunnar, einungis uppblásnir melar og enn er hægt að sjá hve mikið svæðið hafði blásið upp á fjölmörgum háum stöllum í landslaginu.

Alls teljast 18 minjar á svæðinu í hættu og þar af 6 í mikilli hættu. Allar minjar á bæjastæði Áss teljast í mikilli hættu vegna skógræktar en fornminjar í jörðu og skógrækt fara ekki vel saman því ræturnar skemma minjarnar. Þrjár minjar eru í hættu vegna framkvæmda, þar af er fjárhús (2658-35) og rétt/fjárbyrgi (2658-60) í mikilli hættu vegna framkvæmda sem



Mynd 3 - Fjárhústóft (2658-35) og framkvæmdarsvæði í bakgrunni

komnar eru inn á áhrifasvæði minjanna. Minjastofnun hefur þó verið gert vart um það og eru mótvægisáðgerðir til að vernda minjannar hafnar.

⁹ Örnefnaskrá – Ás



Mynd 4 - Korti af skráðum minjum.

Ás

Elsta heimild um Ás er svokallað Gilzbréf en það var ritað þann 4. ágúst 1506 í Ási og var vitnisburður um að Eiríkr Þorsteinsson hafi selt Þórarni Jónssyni jörðina Gil í Borgarþingum í Skagafirði fyrir þrjá tigi hundraða.¹⁰ Næst var sagt frá Ási í fôgetareikningum frá 1553 og þar sagði að Tómas nokkur bóndi hafi greitt í skatt átta álnir vaðmála.¹¹


Árið 1585 gerðist það að unglingspiltur, Hjálmar Sveinsson, stal tveimur sauðum frá Ási. Var hann dæmdur á Kópavogspingi til húðstrýkingar „svo sem

hann þola mátti“. Var honum svo haldið á lífi í sjö daga til að fá að „*lifa við minningu þessarar húðstrýkingar*“ og var svo hálshöggvinn.¹²

Næst var sagt frá Ási í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1703, þá var ábúandinn Þórður Jónsson. Þar sagði að jarðadýrleiki á kóngsins parti hafi verið óviss en að hlutur Jóns Péturssonar á Hliði lögréttumanns hafi líklega verið iii hundruð og lxxx álnir, var þá talið líklegt að jörðin hafi í heildina verið xii hundruð og þá hafi kóngsparturinn verið xiii hundruð og xl álnir, þó var tekið fram að tíund bóndans hafi fallið niður vegna örðugra hreppamannaflutninga yfir Kapelluhraun að Þorbjarnarstöðum. Jörðin var að mestu í konungseign fyrir utan hlut Jóns Péturssonar. Leigukúgildi af jörðinni voru jöfn á milli þessara hluta, eitt á hvorn hlut, og greiddist leigan af konungshlutanum í smjöri til Bessastaða en af bóndahlutanum ýmist í smjöri eða fiski til bóndans eða í kaupsstað.¹³

Kvaðir af kóngshlutanum voru mannslán um vertíð og einn hrísshestur árlega heim til Bessastaða. Einnig var nýlega byrjað að heimta heyhest frá Ási til Bessastaða til þess að fôðra kvikfénaðinn sem var ætlaður til þess að fæða fálka sem seldir höfðu verið seldir úr landi og fóru með Hólmsskipi. Engar kvaðir voru á bóndahlutanum.¹⁴

Þegar Jarðabókin var skrifuð voru á Ási fjórar kýr, átta ær, einn tvívetra sauður og sjö veturgamlir, átta lömb og einn þrívetra foli. Þar gat fôðrast þrjár kýr og eitt ungnaut og



Mynd 5 - Túnakort Áss frá 1918. Myndin hefur verið klippt til.

¹⁰ DI VIII, bls. 118-119

¹¹ DI XII, bls. 577

¹² Gísli Sigurðsson, óútg., bls. 294

¹³ Árni Magnússon & Páll Vídalín, 1924, bls. 170

¹⁴ Árni Magnússon & Páll Vídalín, 1924, bls. 170-171

heimilismenn voru fjórir. Jörðin átti þá selstöðu í eigin landi og voru hagar þar sæmilegir og vatnsból gott. Jörðin átti hrisrif í almenningi til kolagerðar og eldiviðar en notaði einnig lyngrif í eigin landi til eldiviðar og til þess að fæða fé í heyskorti. Torfrista og stunga var léleg og varla nothæf.¹⁵

Jörðin var með skipsuppsátur í Ófriðarstaðalandi en það virðist ekki vera visst hvort hún fékk uppsátrið frítt eða gengt selstöðu Ófriðarstaða í landi Áss. Engar engjar fylgdu jörðinni en útigangur kvikfénaðs var sæmilegur og vatnsból brást sjaldan.¹⁶

Gerð var úttekt á bæjarhúsum Áss árið 1769 en þá bjó á Ási Þórný Gísladóttir ekkja. Úttektin var gerð þann 2. maí 1769 af Jóni Jónssyni og Guðmundi Gíslasyni en Landfógeti mætti ekki né neinn á hans vegum, sem virðist hafa verið óvenjulegt. Úttektin hljómar svo:

1. *Badstofan: Í fjórum stafgólfum,¹⁷ stöfum, sperrum, langböndum, mæniás og uppreftri, hvar af tvö langbönd eru biluð í einu stafgólfi, en þrjú í öðru. Húsið er fornálegt, sérdeilis vesturkampurinn og fyrir dyrum samt göngum þar til, í austurkarmi eru tveir gluggar.*
Álag 30 áln.
2. *Eldhúsið: Tvö stafgólf, að viðum og veggjum mikið fornálegt og bilað að langböndum í einu.*
Álag 10 áln.
3. *Búrið: Í tveimur stafgólfum, með tilhlýðilegum undir- og yfirviðum. Virðist vera í leigufæru standi.*
4. *Göng: Frá badstofu til bæjardyra, að veggjum og viðum óstæðilegt og annar veggurinn klárt fallinn.*
Álag 15 áln.
5. *Skálinn: Vestur úr bænum í 2 stafgólfum með tilhlýðilegum undir- og yfirviðum að þeim og veggjum í leigufæru standi, fyrirannst hurð sem tilhlýðir.*
6. *Bæjardyr: eitt stafgólf nýlega uppgjört með tilhlýðilegum viði. Þil fyrir framhurð og vindskeiðum, samt járnloka með klinku.*
7. *Fjosið: fyrir fjórar kýr. Í fyrra uppgjört með tveimur stöðum undir mæniás. Hurð er til og 3 faðmar af klénlegum ónauðsynlegum ranghala fram af. Þetta finnst þó leigufært þó lélegt sé.*

¹⁵ Árni Magnússon & Páll Vídalín, 1924, bls. 171-172

¹⁶ Árni Magnússon & Páll Vídalín, 1924, bls. 172

¹⁷ Athugasemd: Stafgólf virðist ekki hafa verið föst mælieining, heldur hversu langt var á milli stöða í rýmum.

8. *Hey- og húsagarður: er víðast að utanverðu lélegur, en þar af honum gamalt er að falli komið. Túngarðurinn er til sýnis á þrjár síður túnsins, sem eigi hefur í núlifandi manna tíð við hresstur verið svo hann er sokkinn í jörð og niðurfallinn, nema Jón heitinn Bragason, ekta maður téðrar Þórnyjar Gísladóttur hefur upphlaðið hann á vestursíðu mestmegnis.*
9. *Kvígildi: Jörðinni fylgja 2 kýr sagðar 11 vetra, báðar tímalausar. Þó sæmilega ernar, sem þeim allt svarar. Gjörist ekkert álag eftir, sem það er ekki upp á staðið. Er svo jarðarinnar álag 55 álnir.*

Hvar upp í afhent er eitt skemmuhús í tveimur stafgólfum, þó í öðru gallað sé, með þili og vindskeiðum, hurð á járnum, skrá og lykli í temmilegu standi. Svo og afhendir og til segir ekkjan þeim í trjáviði 15 álna virði, svo sem til viðbótar. Eru svo hlutaðeigendur um þessarar jarðar úttekt og afhendingu hvað ekkjuna snertir forlíkaðir. Til staðfestur eru svo vor nöfn. Datum utspura.¹⁸

Árið 1783 virðist að ástand húsa hafi versnað frá þessari úttekt og var álagið komið í 110 álnir.¹⁹

Í Sýslu- og sóknarlýsingum frá 1842 minntist séra Árni Helgason á Ás í upptalningu á bæjunum í Garðaprestkalli og þá var Ás með tómthúsi (Stekkur). Þá sagði hann frá alfaravegum en sá syðsti upp í Krýsuvík lá upp frá Ási og hét Stórhöfðastígur, beygði hann suður með Undirhlíðum og yfir fjallið og hét þá Ketilsstígur.²⁰

Í Jarðatali Johnsen frá 1847 var jörðinni gefið númerið 169 og var hún þá alfarið í konungseign. Þá var dýrleiki jarðarinnar 12 hundruð, landskuldin 0.80, kúgildin tvö og einn ábúandi sem var leigjandi.²¹

Árin 1871 og 1872 kom upp miltisbrandur á Ási. Þann 16. og 17. október 1871 drápu þar snögglega tvær kýr og höfðu miltin í þessum kúm verið mjög stór og blóðhlaupin. Ekkert var þó gert í þessu fyrr en þriðja kúin drapst tæpum þrem vikum síðar og var þá dýralæknir kallaður til. Við krufningu kom fram að „blóðið var svart sem tjara og rann eigi saman; aptur af kúnni og úr nösnum hennar hafði gengið blóð, rjett áður en hún drapst, lungun voru mjög sollin, miltið miklu stærra en vanalega, svart og meyr; þarmarnir voru fullir af blóðkorgi, og að utan höfðu þeir marga blóðhlaupna bletti“. Daginn áður hafði dýralæknirinn krufið hest á Ófriðarstöðum

¹⁸ Gísli Sigurðsson, óutg., bls. 298-300

¹⁹ Gísli Sigurðsson, óutg., bls. 300

²⁰ Gullbringu- og Kjósarsýsla: Sýslu og sóknalýsingar Hins Íslenska bókmenntafélags 1839-1885, 2007, bls. 124, 130

²¹ J. Johnsen, 1847, bls. 92

sem hafði sömu einkenni. Eftir voru á lífi á Ási ein kýr og kálfur og voru þau flutt úr fjósinu, sem var lítið og loftlaust, í annað hús og fjósið svælt með sóttvarnarmeðulum. Ekkert bar þá á miltisbrandi á Ási fyrr en ári seinna þegar ein kú drapst þar úr sömu einkennum. Voru þá allar samgöngur við Ás bannaðar, nautgripirnir voru þvegnir úr Carbólvanti og fjósið svælt að innan með Chlókalksgufu, öll innflyi kýrinnar grafin



Mynd 6 - Uppistandandi fjós á Ási (2658-15)

niður og blóðbælið hreinsað með Chlóralki.²² Fjósið sem enn er uppistandandi á Ási (2658-15) hefur verið byggt eftir að miltisbrandurinn gerði vart um sig á Ási en á því má finna fjögur loftop á þakinu sem væntanlega hafa verið gerð til þess að leyfa ekki svona sjúkdómum að grassera.

Þann 2. maí 1882 var aftur gerð úttekt á Ási og var álagið þá orðið 174 kr.:

Ár 1882, laugardaginn 2. maí var hreppstjórinn í Garðahreppi, Magnús bóndi Brynjólfsson í Dysjum staddur ásamt undirrituðum úttektarmanni til að taka út landseignina, jörðin Ás þá Vigfús Vigfússon fer frá, en Þorvaldur Ólafsson tekur við. Fór þannig fram:

1. Baðstofa 8 áln 1.4 álna breið. Í 2 stafgólfum undir súð, 5 sperrum, 10 hástafi, 2 litlir gluggar. Talsvert gölluð, þakið.
Álag 25 kr.
2. Gangur frá baðstofu til eldhúss 1 ½ áln.lengd. 1 áln.br.
Álag 4 kr.
3. Eldhús 4. áln.l. 3.áln.br. Allstæðilegt.
4. Búr 3. áln.l. 3. áln.br. Brostið að viðum og veggjum.
Álag 12 kr.
5. Bæjardyr 10 áln.l. 1 ½ áln.br. Stæðilegar.
6. Fjós fyrir þrjár kýr. Allgott.
7. Heygarður og utanhúsveggir gallaðir.
Álag 6kr.
8. Túngarðar víða ónýtir.
Álag 30 kr.

²² Snorri Jónsson, 1874, bls. 151-152

9. 2 jarðeplagarðar allgóðir.

Álag 10 kr.

10. Kúgildi fylgir.

Álag 87 kr.

Upp í álag virðist ekkert í baðstofunni, þar viðtakandi ekki kvaðst hafa brúk fyrir. Var þannig viðtekið. Þorvaldur Ólafsson viðtakandi Magnús Brynjólfsson.

Vigfús Vigfússon fráfarandi

Filippus Filippusson²³

Á túnakorti frá 1918 voru túnin við Ás sögð nálægt til helminga sléttuð og töldust 2,8 teigar, kálgarðar voru 670 fermetrar.²⁴

Ástjörn var friðuð árið 1978 til þess að vernda dýra- og jurtalíf á svæðinu og er umferð um svæðið óheimil á varptíma.²⁵ Ástjörn og Ásfjall voru svo gerð að fólkvangi árið 1996.²⁶

Lítið er eftir af minjum á sjálfu bæjarstæði Áss, þar sjást nokkur veggjabrot af húsi sem reist var árið 1904 (2658-13), fjósið sem grafið er inn í bæjarhólinn (2658-15) og bæjarhóllinn sjálfur (2658-14), en svæðið hefur verið lagt undir skógrækt og teljast þess vegna allar minjar innan skógræktarsvæðisins í mikilli hættu. Eitthvað af minjum er að finna utan skógræktarsvæðisins og er þá kannski helst að minnast á Ásbrunn (2658-25) og útihúsatóft (2658-4), sem þó er illgreinanleg.



Mynd 7 - Útihús (2658-4) fyrir miðri mynd.

²³ Gísli Sigurðsson, óútg., bls. 303

²⁴ Túnakort Ás, 1918

²⁵ Stj. tíð. B, nr. 189/1978, 1978

²⁶ Stj. tíð.B,nr.658/1996, 1996




Mynd 8 - Kort af skráðum minjum við Ás

Stekkur

Minna er til af heimildum um Stekk en þannig voru oft hlutskipti hjáleigna, þá sérstaklega þeim sem ekki voru í byggð lengi.

Stekkur var byggður í kringum 1830 og mun hafa hlotið nafn sitt af því að þarna á Ás hafa verið með stekk.²⁷ Bærinn stóð þar sem nú er endi gatnanna Blikaás og Lóuás. Bæjarstæði Stekks var gróflega lýst í örnefnaskrá:



Mynd 9 - Túnakort af Stekk frá 1918.
Myndin hefur verið klippt til.

„[...] Hér enn vestar var svo býli, þurraþúð, nefndist það Stekkurinn, Ásstekkur, Vindás og Vindásstekkur. Honum fylgdi Stekkstúnið umgirt Stekkstúngörðum, vesturtúngarður, suðurtúngarður, austurtúngarður og norðurtúngarður. Þar sem saman komu norður- og vesturtúngarður var norðurhlið. Þaðan lá Stekksgata niður að Brandsbæ og áfram niður til Fjarðar. Suðurhlið var neðarlega á mótum vestur- og suðurtúngarðs. En Lindargatan lá heiman frá Stekksbæ austur um austurgarðshlið austur að Lindinni. Brunngatan var löng frá Stekk og austur.“²⁸

Jörðin var auglýst til leigu árið 1959 og þá var íbúðarhúsið sagt vera með 7 herbergi og að á jörðinni væri stórt hænsnahús.²⁹ Stekkur var einnig um tíma miðstöð keðjubréfasvindls sem var mörgum til ama á árunum í kringum 1970.³⁰

Við byggingaframkvæmdir árið 2000 varð rask á minjum á og við bæjarstæði Stekks og voru t.d. leifar íbúðarhússins



Mynd 10 - Fjárhús (til vinstri) og niðurgrafin hlaða (til hægri) (2658-5)

jafnaðar við jörðu.³¹ Enn má þó sjá móta fyrir bæjarhólnum (2658-3), matjurtagarði og kartöflukofa (2658-8 & 2658-9), túngörðum og útihúsatóftum (t.d. (2658-1) & (2658-2)) á svæðinu.

²⁷ Gísli Sigurðsson, 1964, bls. 55

²⁸ Örnefnaskrá - Ás

²⁹ Til leigu, 1959

³⁰ Sjá t.d.: "Hef fengið 440 þúsund kr.", 1970 & Þrjú keðjubréf ganga í Reykjavík, 1970

³¹ Katrín Gunnarsdóttir, 2005, bls. 11



Mynd 11 - Kort af skráðum mínjum við Stekk

Heimildaskrá

"Hef fengið 440 þúsund kr.". (18. september 1970). *Morgunblaðið*, bls. 32.

(2012). *Lög um menningarminjar*.

Ari Gíslason. (án dags.). *Örnefnaskrá - Ás*. Reykjavík: Örnefnastofnun.

Atli Rúnarsson. (2018). *Fornleifaskráning vegna fyrirhugaðra framkvæmda á Völlum í Hafnarfirði*. Hafnarfjörður: Byggðasafn Hafnarfjarðar.

Árni Magnússon & Páll Vídalín. (1924). *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Gullbringu- og Kjósarsýsla* (B. 3). Kaupmannahöfn: S.L. Möller.

Bjarni F. Einarsson. (2014). *Fornleifaskráning vegna Suðvesturlínu í hrauninum sunnan við álverið í Straumsvík*. Reykjavík: Fornleifafræðistofan.

Gísli Sigurðsson. (1964). *Skrá yfir örnefni og fiskimiðin í Álftaneshreppi hinum forna, Bessastaðahreppi, Garðahreppi, Hafnarfirði og Hraunum*. Hafnarfjörður.

Gísli Sigurðsson. (óútg.). *Samantekt út frá útgefnu handriti Írisar Kristjánsdóttur. Hús og bæir í Hafnarfirði / líf og þjóðhættir í Hafnarfirði frá 14 öld*.

Gísli Sigurðsson. (án dags.). *Örnefnaskrá - Ás*. Reykjavík: Örnefnastofnun.

Gullbringu- og Kjósarsýsla: Sýslu og sóknalýsingar Hins Íslenska bókmenntafélags 1839-1885. (2007). Reykjavík: Sögufélag.

Heiðrún Eva Konráðsdóttir. (2017). *Ásvallabraut: Fornleifaskráning vegna Ásvallabrautarm tengingar Vallahverfis og Ásahverfis við Kaldárselsveg*. 2017: Byggðasafn Hafnarfjarðar.

Heiðrún Eva Konráðsdóttir. (2019). *Hamranes: Fornleifaskráning vegna deiliskipulags*. Hafnarfjörður: Byggðasafn Hafnarfjarðar.

Heiðrún Eva Konráðsdóttir. (2019). *Skráning kartöflukofa við Reykjanesbraut*. Hafnarfjörður: Byggðasafn Hafnarfjarðar.

Hildur Gestsdóttir & Sædis Gunnarsdóttir. (1998). *Svæðisskráning fornleifa í Hafnarfirði - Fornleifaskráning í Hafnarfirði I*. 1998: Fornleifastofnun Íslands.

Íslenskt fornbréfasafn. (1857-76). *Diplomatarium Islandicum (DI I - XVI)*. Kaupmannahöfn: S.L. Möller.

- J. Johnsen. (1847). *Jarðatal á Íslandi: með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðgarða á landinu*. Kaupmannahöfn: S. Trier.
- Karl Rúnar Þórsson & Bjarni F. Einarsson. (2004). *Fornleifaskráning vegna tillögu að nýrri legu Krísuvíkurvegar*. Hafnarfjörður: Byggðasafn Hafnarfjarðar.
- Katrín Gunnarsdóttir. (2005). *Fornleifaskráning í landi Hvaleyrar og Grísaness Hafnarfirði*. Hafnarfjörður: Byggðasafn Hafnarfjarðar.
- Katrín Gunnarsdóttir. (2011). *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags við Hamranes og Vatnshlíðarhnúk í Hafnarfirði*. Hafnarfjörður: Byggðasafn Hafnarfjarðar.
- Minjastofnun Íslands. (2013). *Skráningarstaðlar fornleifa*. Reykjavík: Minjastofnun Íslands.
- Oddgeir Hansson. (2001). *Fornleifakönnun við Reykjanesbraut*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.
- Snorri Jónsson. (1874). Miltisbruna-sýki í stórgripum. *Sæmundur fróði*, 149-159.
- Stj. tíð. B, nr. 189/1978. (12. apríl 1978). *Auglýsing um friðlýsingu Ástjarnar við Hafnarfjörð*. Sótt frá Umhverfisstofnun | Ástjörn, Hafnarfirði: https://ust.is/library/Skrar/Einstaklingar/Fridlyst-svaedi/Auglysingar/astjorn_189_1978.pdf
- Stj. tíð.B,nr.658/1996. (13. desember 1996). *Auglýsing um stofnun fólkvangs við Ástjörn og Ásfjall*. Sótt frá Umhverfisstofnun | Ástjörn Hafnarfirði: https://ust.is/library/Skrar/Einstaklingar/Fridlyst-svaedi/Auglysingar/asfjall_658_1996.pdf
- Til leigu. (9. september 1959). *Morgunblaðið*, bls. 9. Reykjavík: Morgunblaðið.
- Túnakort* Ás. (4. maí 1918). Sótt frá Manntal.is: <http://testbirting.manntal.is/default.aspx?leit=w4FzIEdhcsOwYWhyZXBwdXlIgR3Vs bGJyaW5ndXPDvXNsYQ==>
- Túnakort* Stekkur. (4. maí 1918). Sótt frá Manntal.is: <http://testbirting.manntal.is/default.aspx?leit=U3Rla2t1ciBHYXLDsGFocmVwcHVyI Ed1bGxicmluZ3Vzw71zbGE=>

Yngvi Þór Loftsson. (2006). *Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2005-2025. Umhverfi og útivist.*
Kópavogur: Landmótun.

Þrjú keðjubréf ganga í Reykjavík. (18. september 1970). *Morgunblaðið*, bls. 32.

Myndaskrá

Mynd 1 - Loftmynd af skráningarsvæðinu. Svæðið er innan hvítu punktalínunnar	1
Mynd 2 - Skotbyrgi (2658-39).....	4
Mynd 3 - Fjárhústóft (2658-35) og framkvæmdarsvæði í bakgrunni	7
Mynd 4 - Kort af skráðum minjum.	8
Mynd 5 - Túnakort Áss frá 1918. Myndin hefur verið klippt til.....	9
Mynd 6 - Uppistandandi fjós á Ási (2658-15).....	12
Mynd 7 - Útihús (2658-4) fyrir miðri mynd.	13
Mynd 8 - Kort af skráðum minjum við Ás	14
Mynd 9 - Túnakort af Stekk frá 1918. Myndin hefur verið klippt til.	15
Mynd 10 - Fjárhús (til vinstri) og niðurgrafin hlaða (til hægri) (2658-5).....	15
Mynd 11 - Kort af skráðum minjum við Stekk.....	16

Töfluskrá

Tafla 1 - Tafla yfir skráðar minjar á svæðinu	7
---	---

Viðauki 1: Fornleifaskrá

Norður snýr upp á öllum teikningum nema annað sé tekið fram.

Ljósmyndir og teikningar voru unnar af höfundum nema annað sé tekið fram.

Númer: 2658-1

Fyrri skráningarnúmer: 8-25

Sýsla: Gullbringusýsla

Sveitarfélag: Hafnarfjörður

Landareign: Ás / Stekkur

Skrásetjari: Atli Rúnarsson

Dagsetning: 20.4.2021

ISN93: E 355269.0 , N 398035.3

Sérheiti:

Tegund: Tóft

Hlutverk: Fjárhús

Fjöldi: 1

Hættumat: Engin hætta

Hættuorsök:

Ástand: Vel greinanleg

Aldur: 1830-1950

Friðlýst: Nei

Lengd: 6.2m

Breidd: 3.9m

Vegghæð: 0.4 – 1.1m

Breidd veggja: 1m.

Umhverfi/staðhættir:

Á svæði milli Reykjanesbrautar og Ásbrautar þar sem er spennustöð.


Lýsing:

Fjárhús úr torfi og grjóti, inngangur í S. Töluvert af grjóti er hrúnið inn í tóftina. Tré farið að vaxa úr norður horni. Veggjahæð er frá 0.4 – 1.1m og veggjabreidd er að jafnaði um 1.1m.

Heimildir:

Katrín Gunnarsdóttir. (2005). *Fornleifaskráning í landi Áss Hafnarfirði*. Hafnarfjörður: Byggðasafn Hafnarfjarðar.

Ljósmyndir/teikningar:



Númer: 2658-2

Fyrri skráningarnúmer: 8-26

Sýsla: Gullbringusýsla

Sveitarfélag: Hafnarfjörður

Landareign: Ás / Stekkur

Skrásetjari: Atli Rúnarsson

Dagsetning: 20.4.2021

ISN93: E 355253.7, N 398076.4

Sérheiti:

Tegund: Tóft

Hlutverk: Útihús

Fjöldi: 1

Hættumat: Hætta

Hættuorsök: Uppblástur/áfok

Ástand: Greinanleg

Aldur: 1830-1950

Friðlýst: Nei

Lengd: 4.5m

Breidd: 4.2m

Vegghæð: 0.2 – 0.8m

Breidd veggja: 0.6m

Umhverfi/staðhættir:

Á svæði milli Reykjanesbrautar og Ásbrautar þar sem er spennustöð.


Lýsing:

Útihús, inngangur í suður, úr torfi og grjóti. Austurveggur farinn að blása upp. Tóftin er full af grjóti en enn mótar þó fyrir veggjum. Stóreflis björg eru nýtt í hleðsluna. Veggjahæð er frá 0.2 – 0.8m og veggjabreidd er að jafnaði um 0.6m.

Heimildir:

Katrín Gunnarsdóttir. (2005). *Fornleifaskráning í landi Áss Hafnarfirði*. Hafnarfjörður: Bygðasafn Hafnarfjarðar.

Ljósmyndir/teikningar:



Númer: 2658-3

Fyrri skráningarnúmer: 8-28

Sýsla: Gullbringusýsla

Sveitarfélag: Hafnarfjörður

Landareign: Ás / Stekkur

Skrásetjari: Atli Rúnarsson

Dagsetning: 20.4.2021

ISN93: E 355418.0 , N 398025.9

Sérheiti: Stekkur

Tegund: Hóll

Hlutverk: Bæjarhóll

Fjöldi: 1

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Ástand: Illgreinanleg

Aldur: 1830-1950

Friðlýst: Nei

Lengd: 23m

Breidd: 8m

Vegghæð:

Breidd veggja:

Umhverfi/staðhættir:

Bæjarstæði Stekks var á svæði milli Ásbrautar og gatnanna Blikaáss, Lóuáss og Spóaáss. Bæjarstæðið var sléttað eftir árið 2000.

Lýsing:

Það mótar fyrir smá hæð í landinu, en hún er rofin af göngustíg og hefur horfið undir byggingar austan við stíginn.

Heimildir:

Katrín Gunnarsdóttir. (2005). *Fornleifaskráning í landi Áss Hafnarfirði*. Hafnarfjörður:

Byggðasafn Hafnarfjarðar.

Túnakort 1918 – Stekkur.

Ljósmyndir/teikningar:



Númer: 2658-4
Fyrri skráningarnúmer: 8-29
Sýsla: Gullbringusýsla
Sveitarfélag: Hafnarfjörður
Landareign: Ás / Stekkur
Skrásetjari: Atli Rúnarsson
Dagsetning: 20.4.2021
ISN93: E 355412.4 , N 398041.6
Sérheiti:
Tegund: Heimild
Hlutverk: Útihús
Fjöldi:
Hættumat: Hætta
Hættuorsök: Ábúð
Ástand: Sést ekki
Aldur: 1830-1950
Friðlýst: Nei
Lengd:
Breidd:
Vegghæð:
Breidd veggja:

Umhverfi/staðhættir:

Bæjarstæði Stekks var á svæði milli Ásbrautar og gatnanna Blikaáss, Lóuáss og Spóaáss. Bæjarstæðið var sléttað eftir árið 2000.

Lýsing:

Þar sem útihúsin stóðu hefur verið sléttað en þarna geta hleðslur leynst í jörðu. Útihúsin sjást á túnakorti frá 1918.

Heimildir:

Katrín Gunnarsdóttir. (2005). *Fornleifaskráning í landi Áss Hafnarfirði*. Hafnarfjörður: Byggðasafn Hafnarfjarðar.
Túnakort 1918 – Stekkur.

Ljósmyndir/teikningar:

Númer: 2658-5

Fyrri skráningarnúmer: 8-35

Sýsla: Gullbringusýsla

Sveitarfélag: Hafnarfjörður

Landareign: Ás / Stekkur

Skrásetjari: Atli Rúnarsson

Dagsetning: 20.4.2021

ISN93: E 355365.1 , N 398027.4

Tegund: Tóft

Hlutverk: Fjárhús og hlaða

Fjöldi: 2

Hættumat: Engin hætta

Hættuorsök:

Ástand: Vel greinanleg

Aldur: 1830-1950

Friðlýst: Nei

Lengd: 13.9m

Breidd: 5.2m

Vegghæð: 0.8 – 1.8m

Breidd veggja: 1.4m

Umhverfi/staðhættir:

Tóftin er út við Ásbraut, um 40m vestan við bæjarhól (2658-3). Túngarður (2658-6) liggur í SV frá tóftinni.

Lýsing:

Fjárhús og hlaða, úr torfi og grjóti, grasivaxið. Hlaðan er niðurgráfin og eru innri veggir hennar allt að 1.8m háir. Bæði rýmin eru opin í SSV. Bæði rýmin eru töluvert sigrin. Veggjahæð er frá 0.8 – 1.8m og veggjabreidd er að jafnaði um 1.4m.


Heimildir:

Katrín Gunnarsdóttir. (2005). *Fornleifaskráning í landi Áss Hafnarfirði*. Hafnarfjörður:

Byggðasafn Hafnarfjarðar.

Túnakort 1918 – Stekkur.

Ljósmyndir/teikningar:



Númer: 2658-6
Fyrri skráningarnúmer: 8-33
Sýsla: Gullbringusýsla
Sveitarfélag: Hafnarfjörður
Landareign: Ás / Stekkur
Skrásetjari: Atli Rúnarsson
Dagsetning: 20.4.2021
ISN93: E 355356.6 , N 398024.0
Sérheiti:
Tegund: Garðlag
Hlutverk: Túngarður
Fjöldi: 1
Hættumat: Engin hætta
Hættuorsök:
Ástand: Vel greinanleg
Aldur: 1830-1950
Friðlýst: Nei
Lengd: 31.2m
Breidd: 1.2m
Vegghæð: 0.2 – 0.7m
Breidd veggja: 1.2m

Umhverfi/staðhættir:

Garðlagið gengur í SV frá tóft (2658-5).


Lýsing:

Túngarður úr torfi og grjóti, grasivaxinn. Liggur í SV frá tóft (2658-5). Veggjahæð er frá 0.2 – 0.7m og veggjabreidd er að jafnaði 1.2m. Búið er að hreyfa við jarðvegi vestan við garðlagið vegna vegagerðar.

Heimildir:

Katrín Gunnarsdóttir. (2005). *Fornleifaskráning í landi Áss Hafnarfirði*. Hafnarfjörður: Byggðasafn Hafnarfjarðar.
Túnakort 1918 – Stekkur.

Ljósmyndir/teikningar:



Númer: 2658-7

Fyrri skráningarnúmer: 8-34

Sýsla: Gullbringusýsla

Sveitarfélag: Hafnarfjörður

Landareign: Ás / Stekkur

Skrásetjari: Atli Rúnarsson

Dagsetning: 20.4.2021

ISN93: E 355345.1 , N 397983.8

Sérheiti:

Tegund: Garðlag

Hlutverk: Túngarður

Fjöldi: 1

Hættumat: Hætta

Hættuorsök: Rask

Ástand: Vel greinanleg

Aldur: 1830-1950

Friðlýst: Nei

Lengd: 15.2m

Breidd: 0.7m

Vegghæð: 0.1 – 0.3m

Breidd veggja: 0.7m

Umhverfi/staðhættir:

Um 36m austan við Ásbraut og um 75m SV við bæjarhól (2658-3).

Lýsing:

Túngarður, mjög siginn og hruninn. Búið að hrófla við austur enda garðsins og safna grjóti úr honum við austur endann, ummerki um holræsagerð í kringum garðinn.


Heimildir:

Katrín Gunnarsdóttir. (2005). *Fornleifaskráning í landi Áss Hafnarfirði*. Hafnarfjörður:

Byggðasafn Hafnarfjarðar.

Túnakort 1918 – Stekkur.

Ljósmyndir/teikningar:



Norður snýr til hægri

Númer: 2658-8

Fyrri skráningarnúmer: 8-30

Sýsla: Gullbringusýsla

Sveitarfélag: Hafnarfjörður

Landareign: Ás / Stekkur

Skrásetjari: Atli Rúnarsson

Dagsetning: 20.4.2021

ISN93: E 355402.4 , N 397997.0

Sérheiti:

Tegund: Jarðræktarsvæði

Hlutverk: Matjurtargarður

Fjöldi: 1

Hættumat: Engin hætta

Hættuorsök:

Ástand: Vel greinanleg

Aldur: 1830-1950

Friðlýst: Nei

Lengd: 10.1m

Breidd: 5.9m

Vegghæð:

Breidd veggja:

Umhverfi/staðhættir:

Í brekkunni rúmlega 20m SSV við bæjarhól (2658-3). Kartöflukofi (2658-9) 4m austan við matjurtagarðinn.

Lýsing:

Matjurta/kálgarður. Sléttað svæði í brekku um 20m SSV við bæjarhól Stekks (2568-3).

Heimildir:

Katrín Gunnarsdóttir. (2005). *Fornleifaskráning í landi Áss Hafnarfirði*. Hafnarfjörður:

Byggðasafn Hafnarfjarðar.

Túnakort 1918 – Stekkur.

Ljósmyndir/teikningar:



Númer: 2658-9

Fyrri skráningarnúmer: 8-31

Sýsla: Gullbringusýsla

Sveitarfélag: Hafnarfjörður

Landareign: Ás / Stekkur

Skrásetjari: Atli Rúnarsson

Dagsetning: 20.4.2021

ISN93: E 355412.4 , N 397992.7

Sérheiti:

Tegund: Tóft

Hlutverk: Kartöflukofi

Fjöldi: 1

Hættumat: Engin hætta

Hættuorsök:

Ástand: Illgreinanleg

Aldur: 1830-1950

Friðlýst: Nei

Lengd: 4.8m

Breidd: 3m

Vegghæð: 0 – 0.4

Breidd veggja: 0.4m

Umhverfi/staðhættir:

Um 4m austan við matjurtagarð (2569-8).

Lýsing:

Kartöflukofi, illgreinanlegur. Inngangur í suður, veggjahæð er frá 0 – 0.4m og veggjabreidd er að jafnaði um 0.4m. Svart plaströr liggur yfir austur vegg.


Heimildir:

Katrín Gunnarsdóttir. (2005). *Fornleifaskráning í landi Áss Hafnarfirði*. Hafnarfjörður:

Byggðasafn Hafnarfjarðar.

Túnakort 1918 – Stekkur.

Ljósmyndir/teikningar:



Númer: 2658-10

Fyrri skráningarnúmer:

Sýsla: Gullbringusýsla

Sveitarfélag: Hafnarfjörður

Landareign: Ás / Stekkur

Skrásetjari: Atli Rúnarsson

Dagsetning: 20.4.2021

ISN93: E 355409.0 , N 397964.3

Sérheiti:

Tegund: Garðlag

Hlutverk: Túngarður

Fjöldi: 1

Hættumat: Engin hætta

Hættuorsök:

Ástand: Greinanleg

Aldur: 1830-1950

Friðlýst: Nei

Lengd: 35.1m

Breidd: 0.4m

Vegghæð: 0 – 0.3m

Breidd veggja: 0.4m.

Umhverfi/staðhættir:

Um 30m SV við Spóaás 1.

Lýsing:

Túngarður, grasivaxinn. Sést einungis smá upphlaðinn kantur í túnjaðrinum. Rofinn í báða enda. Veggjahæð er frá 0 – 0.3m og veggjabreidd er að jafnaði um 0.4m.


Heimildir:

Katrín Gunnarsdóttir. (2005). *Fornleifaskráning í landi Áss Hafnarfirði*. Hafnarfjörður:

Byggðasafn Hafnarfjarðar.

Túnakort 1918 – Stekkur.

Ljósmyndir/teikningar:



Norður snýr til hægri

Númer: 2658-11

Fyrri skráningarnúmer:

Sýsla: Gullbringusýsla

Sveitarfélag: Hafnarfjörður

Landareign: Ás / Stekkur

Skrásetjari: Atli Rúnarsson

Dagsetning: 20.4.2021

ISN93: E 355407.7 , N 397895.9

Sérheiti:

Tegund: Grjóthrúga

Hlutverk: Túnahreinsun

Fjöldi: 1

Hættumat: Engin hætta

Hættuorsök:

Ástand: Heillegar

Aldur: 1830-1950

Friðlýst: Nei

Lengd: 13m

Breidd: 3.2m

Vegghæð:

Breidd veggja:

Umhverfi/staðhættir:


Um 14m SSA við göngustíg sem liggur frá Ásbraut í kringum bæjarstæði Stekks.

Lýsing:

Grjóthrúga eftir túnahreinsun við sléttan grasblett. Hrúgan er dropalaga um 13m löng og rúmlega 3m breið. Í suðurenda túns við Stekk.

Heimildir:

Ljósmyndir/teikningar:



Númer: 2658-12

Fyrri skráningarnúmer:

Sýsla: Gullbringusýsla

Sveitarfélag: Hafnarfjörður

Landareign: Ás / Stekkur

Skrásetjari: Atli Rúnarsson

Dagsetning: 20.4.2021

ISN93: E 355435.2 , N 397899.0

Sérheiti:

Tegund: Grjóthrúga

Hlutverk: Túnahreinsun

Fjöldi: 3

Hættumat: Engin hætta

Hættuorsök:

Ástand: Heillegar

Aldur: 1830-1950

Friðlýst: Nei

Lengd:

Breidd:

Vegghæð:

Breidd veggja:

Umhverfi/staðhættir:


Um 20m austan við grjóthrúgu (2658-11).

Lýsing:

3 grjóthrúgur í röð eftir túnahreinsun. Í austurenda túns við Stekk.

Heimildir:

Ljósmyndir/teikningar:



Númer: 2658-13
Fyrri skráningarnúmer: 8-1
Sýsla: Gullbringusýsla
Sveitarfélag: Hafnarfjörður
Landareign: Ás
Skrásetjari: Atli Rúnarsson
Dagsetning: 20.4.2021
ISN93: E 355933.4 , N 397747.9
Sérheiti: Ás
Tegund: Hóll
Hlutverk: Bæjarhóll
Fjöldi: 1
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Trjárækt
Ástand: Greinanleg
Aldur: 1550-1950
Friðlýst: Nei
Lengd: 59m
Breidd: 31m
Vegghæð:
Breidd veggja:

Umhverfi/staðhættir:

Í miðju skógræktarsvæði ofan við Ástjörn.


Lýsing:

Bæjarhóll Áss, í skýrslu frá 2005 var sandur og mól yfir öllum hólnum en nú er hann gróinn. Mikill trjávöxtur er á bæjarhólnum enda er hann innan skógræktarsvæðis. N endi hólins er ógreinilegri en þar er mikill trjávöxtur og búið að leggja göngustíg yfir hann og meðfram honum.

Heimildir:

Katrín Gunnarsdóttir. (2005). *Fornleifaskráning í landi Áss Hafnarfirði*. Hafnarfjörður: Byggðasafn Hafnarfjarðar.

Ljósmyndir/teikningar:




Númer: 2658-14
Fyrri skráningarnúmer: 8-1
Sýsla: Gullbringusýsla
Sveitarfélag: Hafnarfjörður
Landareign: Ás
Skrásetjari: Atli Rúnarsson
Dagsetning: 20.4.2021
ISN93: E 355936.3 , N 397739.3
Sérheiti: Ás
Tegund: Steinsteypa
Hlutverk: Híbýli
Fjöldi: 2
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Trjárækt
Ástand: Greinanleg
Aldur: 1904-
Friðlýst: Nei
Lengd:
Breidd:
Veggjahæð: 0.4 – 0.5m
Breidd veggja: 0.15m

Umhverfi/staðhættir:
Ofan á bæjarhól Áss (2658-13).

Lýsing:
2 steiptir veggjabútar, leifar af íbúðarhúsi sem var byggt árið 1904. Veggjahæð er frá 0.4 – 0.5m og veggjabreidd er í kringum 0.15m.

Heimildir:
Katrín Gunnarsdóttir. (2005). *Fornleifaskráning í landi Áss Hafnarfirði*. Hafnarfjörður: Byggðasafn Hafnarfjarðar.

Ljósmyndir/teikningar:



Númer: 2658-15

Fyrri skráningarnúmer: 8-2

Sýsla: Gullbringusýsla

Sveitarfélag: Hafnarfjörður

Landareign: Ás

Skrásetjari: Atli Rúnarsson

Dagsetning: 20.4.2021

ISN93: E 355944.4 , N 397748.0

Sérheiti:

Tegund: Hús

Hlutverk: Fjós

Fjöldi: 1

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Trjárækt / rask

Ástand: Heillegar

Aldur: 1900-

Friðlýst: Nei

Lengd: 7.5m

Breidd: 5.3m

Vegghæð: 1.7m

Breidd veggja: 0.5m

Umhverfi/staðhættir:

Fjósið er grafið inn í austurhlið bæjarhóls Áss (2658-13). Það liggur göngustígur framhjá fjósinu.

Lýsing:

Niðurgrafið steipt fjós, uppistandandi. Fjósið er grafið inn í bæjarhólinn og styrkt með torfi og grjóti að utan. 4 loftop eru í þaki fjóssins. Búið er að brenna töluvert af plasti og sprengja flugelda inn í fjósinu.

Heimildir:

Katrín Gunnarsdóttir. (2005). *Fornleifaskráning í landi Áss Hafnarfirði*. Hafnarfjörður: Bygðasafn Hafnarfjarðar.

Ljósmyndir/teikningar:



Númer: 2658-16

Fyrri skráningarnúmer:

Sýsla: Gullbringusýsla

Sveitarfélag: Hafnarfjörður

Landareign: Ás

Skrásetjari: Atli Rúnarsson

Dagsetning: 20.4.2021

ISN93: E 355861.7 , N 397898.3

Sérheiti: Áslindin

Tegund: Náttúruminjar

Hlutverk: Vatnsból

Fjöldi: 1

Hættumat: Engin hætta

Hættuorsök:

Ástand: Heillegar

Aldur: 1550-1900

Friðlýst: Nei

Lengd:

Breidd:

Vegghæð:

Breidd veggja:

Umhverfi/staðhættir:

Í örnefnaskrá segir: „Út frá Vesturtúngarði neðarlega var uppspretta sem nefndist Áslindin. Þar var vatnsból fyrir Ás, ef brunninn þraut.“ Lindin er um 48m norðan við girðinguna við skógræktarsvæðið.

Lýsing:

Lindin er líkust polli, um 1 x 1.5m af stærð, í slakka í landinu.

Heimildir:

Katrín Gunnarsdóttir. (2005). *Fornleifaskráning í landi Áss Hafnarfirði*. Hafnarfjörður:

Byggðasafn Hafnarfjarðar.

Örnefnaskrá – Ás

Ljósmyndir/teikningar:



Númer: 2658-17

Fyrri skráningarnúmer: 8-5

Sýsla: Gullbringusýsla

Sveitarfélag: Hafnarfjörður

Landareign: Ás

Skrásetjari: Atli Rúnarsson

Dagsetning: 20.4.2021

ISN93: E 355871.9 , N 397894.6

Sérheiti: Vesturtúngarður

Tegund: Garðlag

Hlutverk: Túngarður

Fjöldi: 2

Hættumat: Hætta

Hættuorsök: Skógrækt

Ástand: Vel Greinanleg

Aldur: 1550-1900

Friðlýst: Nei

Lengd:

Breidd:

Vegghæð: 0 – 0.6m

Breidd veggja: 1m

Umhverfi/staðhættir:

Við göngustíg sem liggur að skógræktarsvæðinu við Ás.


Lýsing:

Túngarður, rofinn í alla enda bæði af stíg og skógrækt. Ytra byrði veggjanna er óreglulegt og gæti það stafað af túnahreinsun. Veggjahæð er frá 0 – 0.6m og veggjabreidd er að jafnaði um 1m.

Heimildir:

Katrín Gunnarsdóttir. (2005). *Fornleifaskráning í landi Áss Hafnarfirði*. Hafnarfjörður: Bygðasafn Hafnarfjarðar.

Ljósmyndir/teikningar:



Númer: 2658-18

Fyrri skráningarnúmer:

Sýsla: Gullbringusýsla

Sveitarfélag: Hafnarfjörður

Landareign: Ás

Skrásetjari: Atli Rúnarsson

Dagsetning: 20.4.2021

ISN93: E 355912.1 , N 397973.2

Sérheiti:

Tegund: Jarðræktarsvæði

Hlutverk: Matjurtagarður og kartöflukofi

Fjöldi: 2

Hættumat: Engin hætta

Hættuorsök:

Ástand: Vel greinanleg

Aldur: 1900-1950

Friðlýst: Nei

Lengd: 10.6m

Breidd: 6.5m

Vegghæð: 0 – 0.2m

Breidd veggja: 0.3m

Umhverfi/staðhættir:


Í brekku SV við Erluás 33.

Lýsing:

Matjurtagarður og kartöflukofi. Sléttað svæði í brekku, sum staðar hlaðið í kring. Útskot í suður horni sem er eftir kartöflukofa, þar eru engar hleðslur einungis grunnur.

Heimildir:

Ljósmyndir/teikningar:



Númer: 2658-19

Fyrri skráningarnúmer:

Sýsla: Gullbringusýsla

Sveitarfélag: Hafnarfjörður

Landareign: Ás

Skrásetjari: Atli Rúnarsson

Dagsetning: 20.4.2021

ISN93: E 355918.8 , N 397961.4

Sérheiti:

Tegund: Tóft

Hlutverk: Kartöflukofi

Fjöldi: 1

Hættumat: Engin hætta

Hættuorsök:

Ástand: Greinanleg

Aldur: 1900-1950

Friðlýst: Nei

Lengd: 3.3m

Breidd: 3.1m

Veggjahæð: 0 – 0.4m

Breidd veggja: 0.4m

Umhverfi/staðhættir:


Rúmum 5m austan við matjurtagarð (2658-18).

Lýsing:

Kartöflukofi. Lítil grjóthlaðin tóft með inngang í SV. Grasivaxin og töluvert sigin. Veggjahæð er frá 0 – 0.4m og veggjabreidd er að jafnaði um 0.4m.

Heimildir:

Ljósmyndir/teikningar:



Númer: 2658-20

Fyrri skráningarnúmer:

Sýsla: Gullbringusýsla

Sveitarfélag: Hafnarfjörður

Landareign: Ás

Skrásetjari: Atli Rúnarsson

Dagsetning: 20.4.2021

ISN93: E 355963.3 , N 397909.8

Sérheiti:

Tegund: Húsgrunnur

Hlutverk: Híbýli / Sumarbústaður

Fjöldi: 1

Hættumat: Hætta

Hættuorsök: Skógrækt

Ástand: Vel greinanleg

Aldur: 1900-1950

Friðlýst: Nei

Lengd: 8.4m

Breidd: 5.9m

Vegghæð:

Breidd veggja:

Umhverfi/staðhættir:


Um 90m NA við NA horn skógræktarsvæðis við Ás. Stór runni vex í miðjum grunninum.

Lýsing:

Grunnur af sumarbústað en það stóðu nokkrir sumarbústaðir á svæðinu til u.þ.b. 1950. Gras og gróður farinn að vaxa á grunninum.

Heimildir:

Ljósmyndir/teikningar:



Númer: 2658-21

Fyrri skráningarnúmer:

Sýsla: Gullbringusýsla

Sveitarfélag: Hafnarfjörður

Landareign: Ás

Skrásetjari: Atli Rúnarsson

Dagsetning: 20.4.2021

ISN93: E 355973.9 , N 397905.4

Sérheiti:

Tegund: Tóft

Hlutverk: Kartöflugeymsla

Fjöldi:

Hættumat: Engin hætta

Hættuorsök:

Ástand: Vel greinanleg

Aldur: 1900-1950

Friðlýst: Nei

Lengd: 4.9m

Breidd: 4.3m

Vegghæð: 0.2 – 1.3m

Breidd veggja: 0.7m

Umhverfi/staðhættir:


Fast austan við húsgrunn (2658-20)

Lýsing:

Tóft, líklega kartöflugeymsla frá sumarbústaði (2658-20). Slétt svæði framan við tóftina sem er mögulega eftir matjurtagarð. Ekki eiginlegar hleðslur í tóftinni heldur er hún grafin inn í brekkuna.

Heimildir:

Ljósmyndir/teikningar:



Númer: 2658-22

Fyrri skráningarnúmer:

Sýsla: Gullbringusýsla

Sveitarfélag: Hafnarfjörður

Landareign: Ás

Skrásetjari: Atli Rúnarsson

Dagsetning: 20.4.2021

